

6. Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði fimmtudaginn 5 ágúst 2010 kl: 20:00

Mættir eru: Óskar Þór, Þorsteinn, Anna Kristín, Kristlaug, Þorgerður, Kristín, Sigurður

- 1 Styrktarbeiðnir.
Sumarhjálpin, hjálparsamtök sem stofnuð voru þegar að góðgerðarfélög á Íslandi fóru í sumarfrí og ætla að aðstoða fólk sem að þurfa hjálp á að halda. *Styrktarbeiðni hafnað.*
- 2 Unglingalandsmótið
UMSE fékk góða dóma, værum að gera hinum íþróttunum skil.
Mótið í heild sinni þótti heppnast mjög vel.
Sumt hefði mátt gera betur, eins og til dæmis með verðlaunaafhendingu, allar afhendingarnar voru á sama staðnum og og byrjuðu alltaf á sama tíma, sumir krakkarnir þar af leiðandi misstu af verðlaunaafhendingunni vegna þess að þau fóru upp á tjaldstæði á milli keppni og verðlaunaafhendingar og var mjög langt á milli keppnissvæðis og tjaldsvæðis.
Fólk var almennt ánægt með grillið, ca. 140 manns fóru í gegnum grillið.
UMSE fékk ekki unglíngalandsmótið 2012.
UMSE ætlar að koma tvíefld til baka að ári liðnu.
Mikið var kvartað yfir því hversu mikil sælgætissala var á mótinu.
Stjórn UMSE ætlar að senda bréf til UMFÍ og fá að vita hvort að það sé einhver möguleiki á því Að UMSE fái einhvern tímunn að halda unglíngalandsmót á Akureyri og biðja um leið útskýringu á því hvers vegna UMSE fékk ekki unglíngalandsmótið.
- 3 UFA
UMSE átti fund með stjórn UFA 27. Júlí.
Við ætlum að búa til nefnd með tveimur mönnum frá sitt hvorri stjórninni til að ræða við þjálfara UMSE og UFA til að athuga hvort að einhver grundvöllur sé með samstarfi.
Óskar og Kristín ætla að fara fyrir hönd UMSE inn í þessa nefnd.
Þorgerður hefur heyrt hjá foreldrum að þau vilja hafa fjölbreyttari þjálfun.
- 4 Aldursflokkamótið
Verður haldið 21. og 22. ágúst á íþróttavellinum á Akureyri.
- 5 NM- U20
Mótið er í góðum farvegi.
- 6 Önnur mál.
Þorsteinn biður um símastyrk til að kaupa nýjan síma handa sér. Þorsteinn fer að skoða síma.
Samþykkt

Þegar að aðildarfélag á afmæli, tuga afmæli, að UMSE gefi aðildarfélaginu gjöf í tilefni afmælisins, bækur/platta.

Óskar kom með hugmynd um hvernig væri að halda fund á nýjum stað, hjá aðildarfélagunum, kynnast svæðinu. Heimsækja félögin, láta þau segja okkur eitthvað um félagasvæðið og kynna starfsemina. Óskar ætlar að skoða þetta og finna eitthvað sniðugt.

Óskari finnst að hann eigi að fá peysu frá UMSE merkta formaður UMSE. Kristín ætlar að láta útbúa peysu handa Óskari.

Næstu fundur ákveðinn 2 september 2010.
Þorgerður kemur með köku.

Fundi slitið 22:00

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari.